

Leikskólinn Ákrar

Ársskýrsla skólaárið 2012-2013



Sigrún Sigurðardóttir og Ragnhildur Gunnlaugsdóttir

30/10/2013

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Mat á skólaári 2012	2
Matsaðferðin.....	2
Það sem var metið.....	2
Grunngildi leikskólans	2
Hópastarf.....	2
Menning og hefðir	3
Jólin	3
Þorrablót	3
Öskudagur	3
Ferilmöppur	4
Námsskrá leikskólans	4
Nýting á húsnæði og útisvæði.....	5
Tvískiptir matar og kaffitímar barna.....	5
Heimasíða.....	5
Starfsviðtal-starfsþróun.....	5
Sérkennsla.....	6
Foreldraviðtöl.....	6
Barnahópurinn	6
Starfsmannahópurinn	7
Stefna í starfsmannamálum	7
Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2012-2013	7
Húsnæði og viðhald	9

Mat á skólaári 2012

Matsaðferðin

Mat á skólaárinu 2012-2013 var unnið þannig að allir deildarstjórar fóru með spurningar inn á deildarfundum og unnu deildarnar svörin í sameiningu. Á skipulagsdegi í apríl komu allir starfsmenn saman og var rætt um niðurstöður hværrar deildar fyrir sig og fundin sameiginleg leið.

Það sem var metið

Grunngildi leikskólans

Spurningin var, hværnig gengur að fara eftir/leggja áherslu á grunngildi leikskólans sem eru virkni og vellíðan? Á yngri deildum tókum starfsmenn eftir auknu sjálfstæði barnanna t.d. að fara á klósettið, klæða sig út, en fannst öllum starfsmönnum þau geta lagt meiri áherslu á virkni barna eins og t.d. hafa umsjónamann. Á elstu deild gengur vel að virkja börnin og eru þau mjög sjálfbjarga. Til dæmis er leikefnið mjög aðgengilegt og þegar þau eru búin að velja það sem þeim langar að gera með þar til gerðu valspjaldi þá sækja þau leikefnið sem er í boði og setja það á sinn stað. Einnig bjarga þau sér sjálf ef þeim langar að gera eitthvað annað með því að kíkja á valspjaldið og sjá hvar er laust. Það eru nokkru hlutverk sem börnin hafa eins og t.d. veðurfræðingur, borðþjónn og bókaormur dagsins. Börnin fá að taka þátt í umræðu /skipulagi varðandi viss tilefni t.d. að velja hvaða leikefni er í boði og á hvaða svæði það er á valspjaldinu.

Allir voru sammála því að vellíðan væri útgangspunktur alls starfsins með börnum. Meiri vellíðan eykur virkni barnanna og þau finna fyrir meiri öryggi.



Hópastarf

Það tók smá tíma að læra að nota rýmið/húsnæðið en þegar það var komið var mikil ánægja með það. Búin að vera með hópastarf í þróun vegna tvískiptra hádegis og kaffitíma barna. Rót á starfsfólki á miðjum vetri kemur róti á hópastarf. Það hafa komið fyrir að hópastarf fellur niður vegna veikinda starfsfólks en einnig hafa hópar verið sameinaðir og gengur það ágætlega. Börnunum finnst mjög gaman í hópastarfi og eru eldri börnin meðvituð um það hvenær hópastarf er og biðja yngri börnin um hópastarf á hverjum degi. Allir voru sammála því að hópastarf er eitthvað sem við viljum öll halda í. Það veitir börnunum öryggi að vera alltaf í sama hópnunum og kennarinn kynnist börnunum mjög vel og verður sérfræðingur í barnahópnunum sem hann er með.

Menning og hefðir

Afmælis dagar barnanna. Það hefur myndast góð hefð í kringum afmælisdaga barnanna á Ökrum þar sem börnin fá að velja disk, glas og diskamottu í matar og kaffitímum. Einnig gerir barnið sjálft kórónuna og svo er flaggað fyrir afmælisbarninu úti og inni.

Páskaundirbúningur. Okkur langar að gera meira úr páskunum og eigum eftir að finna út í hvernig formi það verði.

Ömmu og afakaffi. Við vorum með ömmu og afa kaffi föstudaginn 1. mars um morguninn og ákváðum við endurskoða tímasetninguna og prufa að hafa það seinnipart.

Þemadagar. Það komu óskir um að hafa fleiri þemadagar hjá börnum og starfsfólki t.d. hattadagur, litadagur og íþróttadag.

Jólin

Í heildina voru allir ánægðir með starfið sem tilkemur jólunum.

Þjóðminjasafnið: Elstu börnin fóru á Þjóðminjasafnið og hitta „gamlan“ jólasvein og svo fóru þau á Árbæjarsafnið og fengu kynningu af jólunum í gamla daga.

Aðventu/jólakaffi: Milli klukkan 14:30 og 16:00 voru foreldrum boðið að koma og vera með börnunum í kaffitíma. Þá fengu allir heitt kakó og piparkökur sem börnin höfðu gert. Þetta var skemmtilegur dagur og heppnaðist hann vel.

Jólatré: Þjónustumiðstöð Garðabæjar kom með jólatré til okkur sem var fint en mætti vera stærri. Börnin skreyttu tréð með jólaskrauti sem þau gerðu sjálf og var þetta viss athöfn þegar þau fóru með skrautið og settu á jólatréð.

Jólaball: Var um miðjan desember og var það haldið í sal leikskólans. Börn og starfsfólk komu í sínum betri fötum. Það var sungið og dansað í kringum jólatréð og svo komu jólasveinar sem gáfu börnunum gjafir. Góður dagur sem heppnaðist vel.

Leiksýning: Það kom í umræðuna að gaman hefði verið að fá leiksýningu í leikskólanum í endaðan nóvember eða byrjun desember.

Þorrablót

Í hádeginu var borðað inn í sal og fengu börnin að velja hvar þau sátu. Þar sem þetta var fyrsti Þorrablótsdagurinn okkar voru smá hnökrar á skipulaginu t.d. vorum við ekki alveg komin með það á hreint hverjir ættu að leggja á borðin inn í sal og hvernig sætaskipanin ætti að vera. En allir voru sammála um að dagurinn lofar góður og okkur langar að gera meira úr deginum og munum við þróa það með tímanum.

Öskudagur

Börn og starfsfólk mættu í búningum og var andlitsmálning fyrir þá sem vildu. Svo var farið inn í sal og „kötturinn sleginn úr tunnunni“ Við vorum með popp í 100 litlum pokum í pappakassa (sem börnin voru búin að mála) þannig hvert barn fékk lítinn poka með poppi í.

Svo var haldið sameiginlegt ball inn í sal. Þetta var skemmtilegur dagur sem heppnaðist mjög vel. Við þurfum að finna betri lausn á poppmálum þar sem það tók langan tíma að poppa.

Ferilmöppur

Öll börnin eru komin með ferilmöppur en það er komið mislangt á veg með að fylla inn í þær. Það er allt efni til en þarf að koma því í verk að setja það í möppur. Hópstjórar sjá um að koma efni inn einu sinni í mánuði. Það er til skjal sem segir til um hvað það er sem eigi að vera í ferilmöppunni. Í ferilmöppunni á að vera t.d. sjálfsmynd, fjölskyldumynd, handafar og fótafar, spurningalisti og ljósmynd af barnahópnum ásamt kennurum.

Námsskrá leikskólans

Leikskólinn Akrar er rúmlega eins árs og er ekki komin með námskrá en spurningin var hvort við værum að vinna eftir Aðalnámskrá leikskóla. Í umræðunni kom í ljós að það er verið að vinna eftir Aðalnámskránni en við erum ekki með neitt skráð. Við þurfum að finna góða lausn á því hvernig við vinnum það starf, að hafa tíma fyrir starfsfólkið að lesa sér til og skrá niður það sem við erum að gera.

Í haust tókum við þá ákvörðun leggja aðaláherslur á **læsi, heilbrigði og velferð og sköpun** og hvernig finnst okkur það hafa tekist til? Það kom í ljós að við erum komin vel á stað með að vinna eftir þessum grunnþáttum.

Læsi: Við erum að vinna eftir læsi í víðu samhengi eins og t.d. lesa fyrir börn og orðaspjall. Orðaspjall er aðferð til að efla orðafröða og hlustunarskilning barna með lestri bóka. Þar er eitt orð tekið úr sögunni og unnið meira með það. Það er bókaormur einu sinni í viku þá kemur barn með bók að heiman og hún er lesin í samveru. Við hugum að tilfinningalæsi og læra á okkar nánasta umhverfi.

Heilbrigði og velferð: Við leggjum upp með að hafa hollan og góðan mat, hafragraut í



morgunmat þrisvar í viku. Við notum bara brúnana sykur og bökum öll brauðin. Hver deild á salinn einu sinni í viku og eru þá bæði skipulagðir leikir eða þrautabrautir og svo frjálssir leikir. Okkur finnst útivera mikilvæg og fara öll börn minnst einu sinni á dag út ef veður leyfir. Við kennum börnunum nauðsyn þess að þvo hendur eftir útiveru og klósettferðir.

Sköpun: Við leggjum mikla áherslu á sköpun í öllu starfi með börnunum. Við erum með margar gerðir af kubbum t.d.

einingakubba, holukubba, skógarkubba, legókubba o.fl.og þar fær sköpunargleði barnanna að njóta sín. Það er margt gert í föndri t.d. teiknað, málað, klippt og límt og margt

fleira. Á elstu deild fá börnin stundum að velja sér efnivið (dósir, blöð, efni, garn, sand o.fl) til að nota í föndurgerð og þá fá ýmiss listaverk að líta dagsins ljós eins og t.d. körfur, bækur o.fl.

Nýting á húsnæði og útisvæði



Það hefur yfirleitt gengið vel að hafa helming barna inni og helming úti þannig ekki séu öll börn inni á sama tíma. Þá myndast meiri ró í fataklefa og í starfinu sem er inn á deildum. Einnig er komið gott skipulag á að nota fremri svæðin og salinn. Hver deild á salinn einn dag í viku og er þá með skipulagt starf þar.

Tvískiptir matar og kaffitímar barna

Leikskólinn er með tvískipta matar og kaffitíma, þannig Lyng og Engi borða klukkan 11:15 og Mói og Mýri borða klukkan 11:45. Lyng og Engi eru með kaffitíma klukkan 14:15 og Mói og Mýri eru klukkan 14:45.

Þetta hefur gengið ágætlega og allir hafa verið duglegir að þróa starfið og reyna að finna lausnir. Allt hefur sína kosti og galla og teljum við því miður gallanna vera fleiri. Það er erfiðara þegar leikskólinn er að vinna saman sem ein heild og starfsfólkið er að fara á milli deilda að aðstoða. Einnig er truflun á meðan matartíminn er hvað varðar umgang og hávaða frá hinum deildunum. Börnin geta verið að koma úr útiveru eða að fara í salinn. Það fannst öllum of mikill tími yfir daginn sem borðin voru upptekinn og ekki hægt að leika við þau eða vera með hópastarf. Eftir eins og hálfárs reynslu hefur starfsmannhópurinn komist að þeirri niðurstöðu að það komi betur út fyrir heildina að allur leikskólinn borði á sama tíma. Til þess að svo geti orðið þá vantar leikskólann fjögur borð og 32 stóla.

Heimasíða

Heimasíðan er ekki nógu notendavæn, myndirnar eru of litlar og það væri gaman ef hver deild gæti sett inn fréttir.

Á næsta skólaári verður komin ný heimasíða og þá fá allar deildir aðgang til að gera fréttir og annað.

Starfsviðtal-starfsþróun

Leikskólustjóri tók alla starfsmenn í viðtal á vorönn. Hver starfsmaður fékk spurningablað með sex spurningum sem snéru að líðan starfsmannsins og hvernig hann gæti með sinni þátttöku haft áhrif á starfið. Starfsmenn fengu spurningalistann viku fyrir viðtal og áttu að skila honum tveimur dögum fyrir til að þeir gætu ígrundað fyrirfram og leikskólustjóri síðan

undirbúið sig fyrir viðtalið. Allir voru sáttir með þetta fyrirkomulag og var sú ákvörðun tekin að þetta væri komið til að vera.

Sérkennsla

Veturinn 2012-2013 voru 17 börn sem nutu sérkennslu með ýmsum hætti hér í leikskólanum. 3 börn voru með úthlutaða sérkennslutíma og fengu sérstuðning 8 tíma á dag. Önnur börn fengu íhlutun inn á deildum með leiðbeiningum frá sérkennslustjóra og voru einnig hóp- og einstaklingstímum hjá sérkennslustjóra. Í þeim hópi eru börn með seinkaðan málþroska, framburðarfrávik og hegðunar og samskiptaerfiðleika.

Í skólanum voru 9 börn með tvö eða fleiri tungumál og fengu þau málörvun og stuðning, bæði í daglegu starfi og í litlum hópum hjá sérkennslustjóra. Einnig fengu börn með tvítyngi grunnorðaforðabók sem fer á milli heimilis og leikskóla og reyndist það afar vel.

Sérkennslustjóri hefur umsjón með sérkennslu hér í leikskólanum. Megin verkefni hans er að bera ábyrgð á og stjórna skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum í samráði við leikskólustjóra. Sérkennslustjóri annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna skólans.

Sérkennslustjóri er einnig tengiliður skólans við sérfræðinga, s.s. talmeinafræðinga, sérkennslufultrúa, GRR og aðra sérfræðinga sem koma að málum barna með sérþarfir.

Sérkennslan hér á Ökrum er unnin út frá heiltækri skólastefnu og skóla án aðgreiningar. Leitast er við að sérkennslan fari að mestu fram í daglegu starfi leikskólans og í samskiptum við önnur börn.

Foreldraviðtöl

Að hausti var ákveðið að foreldrar gætu beðið um viðtal ef þau sæju ástæðu til og fannst okkur það ganga vel og voru nokkrir foreldrar sem pöntuðu sér tíma. Svo var hver deild með tvo daga í mars/apríl þar sem foreldrar gátu valið sér tíma í viðtöl. Við matið á vorviðtölunum sáum við að við þyrftum að bjóða uppá að systkini séu á sama tíma svo foreldrar þurfa ekki að mæta tvo daga. Það kom uppástunga með að hafa systkinadag. Einnig fannst okkur það svolítið strembið að hafa tvo daga í röð á hverri deild og kom upp sú hugmynd að hafa dag á milli eða jafnvel fjóra hálfra daga og eigum við eftir að útfæra það fyrir næsta vor.

Barnahópurinn

Í leikskólanum eru fjórar deildir og eru 25 börn á hverri deild. Haustið 2012 voru tekin inn 38 börn í þremur hollum. Það byrjuðu 21 barn 8. ágúst, 11 börn byrjuðu 20. ágúst, 6 börn byrjuðu 27 ágúst.

Fyrsta desember 2012 voru 100 börn á leikskólanum.

2007 = 9 stelpur

2008 = 8 stelpur og 2 strákar

2009 = 9 stelpur og 10 strákar

2010 = 26 stelpur og 23 strákar

2011 = 4 stelpur og 9 strákar



Starfsmannahópurinn

Markmiðið sem við settum í upphafi var að skapa jákvætt og virkt starfsumhverfi sem stefndi að því að allir fengju að blómstra á Ökrum.

Í desember 2012 voru 30 starfsmenn í leikskólanum, þar af voru 8 leikskólakennarar, 1 grunnskólakennari, 1 með B.Ed. í grunnskólafræðum, 1 þroskaþjálfari, 2 háskólamenntaðir starfsmenn, 14 leiðbeinendur, 1 matráður og 2 aðstoð í eldhúsi.

Stefna í starfsmannamálum

Það er stefna hjá okkur að nýta mannauð hvers og eins og stuðla að virkri þátttöku allra í starfinu. Markmið okkar varðandi símenntun er að starfsfólk geti nýtt sér áhugaverð námskeið sem í boði eru t.d námskeið sem Menntanefnd Kragans býður uppá svo eitthvað sé nefnt. Aðstoðarleikskólastjóri hefur farið á nokkur námskeið og unnið eftir Uppbyggingastefnunni á fyrri vinnustöðum og var sú ákvörðun tekin sameiginlega að við á Ökrum ætlum að kynna okkur uppbyggingastefnuna. Í mars 2013 fóru allir deildarstjórar og leikskólastjóri á námskeiðið Sjálfstjórnarkenning 1 og svo fór leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri á Stjórnendanámskeið. Diane og Judy voru með þessi námskeið og voru allir sem fóru á þau sammála um að við ættum að kynna okkur þetta betur.

Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2012-2013

13. september 2012 fundur frá 17-20

- Sérkennslufulltrúi og sérkennslustjóri kynntu starf sitt.
- Hópefli- Farið í leiki til að hrista hópinn saman
- Hagnýtar upplýsingar – Sigrún og Birna fara yfir praktísk atriði. Agga fer yfir starfsmannasjóð.
- Kaffitíma umræða – Starfsfólki skipt í hópa

28.september 2012 skipulagsdagur 8:30-16:00

- Starfsmannafundur-hagnýt mál

- Hópefli
- Hugmyndafræði leikskólans- fyrir hverju stöndum við?
- Nýja aðalnámsskráin- grunnþættir menntunar- hvaða þætti viljum við skoða fyrst?
- Deildarfundir

7. nóvember 2012 fundur 17-20

- Agastefna - Uppeldi til ábyrgðar, Agga með smá kynningu á stefnunni.
- Jólaundirbúningur

2. janúar 2013

- Hjördís Ólafsdóttir með fyrirlestur um Uppbyggingastefnu.
- Ágústa með kynningu á Marvissri málörvun.
- Deildarfundir

14. febrúar 2013 fundur 17-20

- „Allt sem þú þorir ekki að tala um verða fordómar seinna meir“ Fríða Bjarney Jónsdóttir.
- Starfsmannafundur
- Ferilmöppur, Sveinlaug
- Heimsóknir í febrúar og sumarleyfi, Sigrún

13. mars 2013 fundur 17-20

- Deildarfundir - Mat á leikskólastarfi deildarinnar og sameiginlegar uppákomur.

26 .apríl 2013 skipulagsdagur 8-16

- Innra mat á leikskólanum. Búið var að fara yfir starfið á deildarfundum og hér var komið saman inn í sal og allir fóru yfir niðurstöður þeirra deilda.
- Deildafundir klukkan 15

15. maí fundur 17-20

- Farið yfir sumarstarfið
- Starfið með börnunum
- Sumarfrí barna og starfsmanna
- Sumarstarfsmenn, hvernig vinnutími og starf þeirra er.

Húsnæði og viðhald

Nú eru tæp tvö ár síðan leikskólinn var tekinn í notkun. Ljós, loftgluggar og gardínur eru allar tölvustýrðar og hafa komið upp

vanstillingar þannig að gluggar eða gardínur geri ekki það sem þær eiga að gera. Ljósir voru vanstillt þannig að erfitt var að kveikja í vissum rýmum og jafnvel þegar kveikt var í einu rými þá slokknaði í öðru en það er allt í rétta átt. Frá byrjun hafa komið upp leka vandamál og er búið að komast fyrir hluta af því en enn er leka vandamál í sal og fataklefa til dæmis. Ekki er búið að klára útigeymslu, það er eftir að einangra og hita hana að innan og það var vonað að það yrði klárað síðasta vetur en svo

var ekki. Inn á Móa og Mýri hefur brotnað upp úr opinu sem er inn í Hellinn og er búið að fá vilyrði fyrir því að þetta verði klætt með varanlegri efni. Til þess að bæta enn frekar hljóðeinangrun í leikskólanum þarf að setja fellislista undir hurðir á skrifstofu, fundarherbergi og sérkennsluherbergi og einnig að setja gúmmílista á rennihurðir.

